

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar.

Ég flyt nú skýrslu bæjarstjóra tímabilið 1. maí og fram til dagsins í dag. Það er rétt að taka fram að ég hef verið í tveggja vikna sumarleyfi frá 30 maí og fram til 14 júní en mun geta nokkurra funda og viðburða sem aðrir hafa sótt í minn stað eða fyrir hönd bæjarstjórnar.

Í vikunni 2. til 8. maí sótti ég aðalfund ÍA ásamt bæjarfulltrúunum Ólafi Adolfssyni, Sigríði Indriðadóttur og Raket Óskarsdóttur. Ég afhenti félaginu 500 þúsund króna gjöf í tilefni 70 ára afmælis félagsins. Gjöfin var eyrnamerkt styrktarsjóði Guðmundar Sveinbjörnssonar en sjóður í hans nafni styrkir efnilega unga íþróttamenn. Við höldum fund með endurskoðendum bæjarins þar sem þeir fóru yfir ársreikninginn 2015 fyrir bæjarfulltrúa og svöruðu spurningum. Ársreikningurinn var heldur betri en við höfðum gert okkur vonir um – A hlutinn skilaði 200 mkr. krónum í afgang en samstæðan 75 mkr. Ég hélt forstöðumannafund og fór yfir þar yfir niðurstöðu Ársreiknings Akraneskaupstaðar fyrir árið 2015, niðurstöðu vinnustofu um mannauðsmál sem haldin var 5. apríl sl., viðburði sem haldnir verða í sumar á Akranesi og starfsmannamál m.a. ráðningu forstöðumanns búsetuþjónustunnar á Holtsflöt og auglýsingu á starfi skólastjóra Tónlistarskólans. Ég sótti fimmta fund nefndar um lífeyrisskuldbindingar í fjármálaráðuneytinu. Við fórum í vorferð bæjarskrifstofan – óvissuferð sem er farin á hverju vori en þá heimsækjum við aðra bæjarskrifstofu og fáum fræðslu. Í þetta sinn völdum við Grindavík og tók Róbert Ragnarsson bæjarstjóri vel á móti okkur og við skoðuðum m.a. Auðlinda- og menningarhúsið þeirra, Kvikuna, en þar eru þau með eldfjallasýningu, Guðbergsstofu og sjávarútvegssýningu. Að sögn Róberts þá er ekki mikil aðsókn á safnið og er það ekki opið nema á sumrin og þá með einum starfsmanni. Eftir kynnisferð um bæinn fórum við á tjaldstæðið en þar var byggð glæsileg aðstaða fyrir nokkrum árum. Rekstur tjaldsvæðisins hefur verið tvisvar sinnum boðinn út. Í seinna skiptið bárust fjögur tilboð og fjögur tilboð og hafnaði bæjarstjórn þeim öllum enda voru tilboðin langt undir lágmarksviðmiðum. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 hefur ekki verið gert ráð fyrir því að bjóða reksturinn út á nýjan leik. Mikil aukning hefur verið á tjaldsvæðinu sl. ár en það er opið frá miðjum maí og til lok september.

Að morgni 8. maí áttum við fund með FEBAN en til hans var boðað af nýjum formanni og varaformanni og ásamt fulltrúum Akraneskaupstaðar – sem voru auk mín þau Ólafur Adolfsson formaður bæjarráðs og Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir formaður velferðar- og mannréttindaráðs, fulltrúar Sjúkrahúss Akraness, Verkalýðshreyfingarinnar og Hvalfjarðarsveitar. Til fundarins var boðað til að ræða fræðsluferð til Tønder sem FEBAN hefur óskað eftir að við tækjum þátt í þar sem Tønder er vinabær okkar og áhugavert að kynnst því sem er verið að gera annarsstaðar í öldrunarmálunum til að hafa sem veganesti í stefnumótun í málaflokknum.

Í vikunni 9. til 13. maí bar það helst til tíðinda að við undirrituðum leigusamning við Jón Guðmundsson garðyrkjufræðing um afnot af landi á Miðvogslækjasvæði undir starfsemi gróðrarstöðvar, leigutími er til 1. apríl 2036. Við fengum forsetaframbjóðanda í heimsókn, Höllu Tómasdóttur sem heimsótti vinnustaði en við höfum fyrir reglu á bæjarskrifstofunni að taka á móti öllum sem óska eftir að heimsækja okkur, hvort heldur það er fyrir sveitarstjórnarkosningar, alþingis- eða forsetakosningar. Ég fékk skemmtilega heimsókn frá nemendum í 2 bekk í Brekkubæjarskóla þar sem þau komu með jákvæð hvatningarorð til mín og bæjarins, hvað það væri nú gott að búa á Akranesi og það sem þeim fannst langflestum best við bæinn voru íþróttirnar. En þau höfðu líka nokkrar

ábendingar, það má t.d. útbúa skautasvell á veturna, setja kastala á Merkurtún og laga þar einnig fótoltamörkin og setja niður fleiri gangbrautar – helst milli húsa svo að það sé öruggt að labba yfir göturnar þegar þau heimsækja vini sína. Ég átti fund með formanni Norræna félagsins en það stendur fyrir dyrum að halda sameiginlegan fund með norrænu vinabæjunum á Akranesi sumarið 2017. Ég er þeirra skoðunar að við þurfum að nýta þetta tækifæri, ef við viljum vera þátttakendur í norrænu samstarfi og velja þema fyrir fundinn þannig að bæjarfulltrúar þessara borga geti átt samtali um efni sem nýtist okkur í starfi. Ég átti fund með sérfræðingi KPMG vegna úttektar og aðstoðar fyrirtækisins við undirbúning að gerð fjárhagsáætlunar Akraneskaupstaðar 2017 til 2020 og gerð verklagsreglna. Ég sótti líka fund í ráðhúsið ásamt formanni bæjarráðs með borgarstjóra og fulltrúum Borgarbyggðar þar sem rædd var aðferðafræði við verðmat á Orkuveitu Reykjavíkur. Borgarbyggð er að skoða möguleika á að selja hlut sinn í Orkuveitunni og hefur óskað eftir því að það verði farið vel yfir það verðmat sem stuðst er við í dag á fyrirtækinu.

Í vikunni 16. til 20. maí fór ég í vorferð bæjarstjóra en það er áratuga hefð að bæjarstjórar hittist árlega og fái kynningu á tilteknu bæjarfélagi og ákveðna þætti í starfseminni. Í þetta sinn voru það Ísafjörður, Súðavík og Bolungarvík sem héldu fundinn saman og var farið í skoðunarferð um Ísafjörð og Súðavík, meðal annars í heimsókn á Melrakkasafnið í Súðavík og farið að minningarsteininum um þá sem létust í snjóflóðinu 1995. Það var Anna Lind Ragnarsdóttir oddviti Súðavíkurhrepps og skólastjóri sameinaðs grunn- leik- og tónlistarskóla sem sagði okkur frá snjóflóðinu og dögnum á eftir. Það var mjög sterk upplifun að heyra hana segja frá enda var hún ein þeirra sem var kölluð út til starfa við björgun en á þeim tíma var hún leikskólastjóri. Við fræddumst einnig um starfsemi 3X, dótturfélags Skagans ehf. á Ísafirði og var það mjög áhugavert. Jafnframt fórum við í heimsókn í Háskólasetrið og fengum fræðslu um hina ólíkustu starfsemi. Þar er meðal annars fjarnámssetur sem þjónar um 100 fjarnemum, það starfrækir meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun fyrir um 40 meistaranema og einstaklingsmiðaða námsleið á meistarastigi í sjávar tengdri nýsköpun. Þess utan býður Háskólasetrið upp á fjölbreytt sumarnámskeið. Þessa vikuna átti ég nokkra fundi vegna ferðamála en við höfum m.a verið að undirbúa uppsetningu upplýsingaskiltis við Hausthúsatorg, markaðsmál og fleira. Ég átti líka fund með forsvarsmönnum Frumherja hf. vegna nýrra laga sem munu taka gildi árið 2018 varðandi löggildingu byggingafulltrúa en það mun gera það að verkum að starf byggingarfulltrúa mun breytast mjög mikið þar sem þeir munu ekki geta haft leyfisveitingar og eftirlit á sömu hendi.

Í vikunni 23. til 29. maí sótti ég sjötta fundinn í fjármálaráðuneytinu vegna lífeyrisskuldbindinga, átti vinnufund með KPMG vegna þeirrar sérfræðivinnu sem fyrirtækið er að vinna fyrir okkur, var viðstödd opnun heimasíðu FEBAN en við höfum aðstoðað félagið við að koma heimasíðu á laggirnar og svo er félagið komið á Facebook. Ég sótti aðalfund Faxaflóahafna ásamt formanni bæjarráðs og þar bar helst til tíðinda að samþykkt var að hækka arðgreiðslur til eigenda fyrirtækisins vegna rekstrarársins 2015. Samþykkt var að arður verði 50% af hagnaði án óreglulegra tekna, eða allt 310 mkr. sem skiptist á eignaraðila eftir eignarhlutföllum.

Laugardaginn 28. maí var útskrift í Fjölbrotarskóla Vesturlands og færði Sigríður Indriðadóttir þeim Ingibjörgu S. Sigurbjörnsdóttur og Sævari Berg Sigurðssyni námsstyrk Akraneskaupstaðar, samtals krónur 360 þúsund á mann vegna árangurs í námi. Ingibjörg lauk stúdentsprófi á haustönn af náttúrufræðibraut og stefnir á nám í lyfjafræði

við Háskóla Íslands. Sævar lauk viðbótarnámi til stúdentsprófi eftir nám í rafvirkjun og stefnir á nám í rafmagnstæknifræði við Háskólann í Reykjavík.

Ólafur Adolfsson sótt fund þessa vikuna í Umhverfisstofnun en hann fór ásamt formanni Knattspyrnufélagsins ÍA til fundar við forstöðumann stofnunarinnar vegna beiðni knattspyrnufélagsins um leyfi til uppsetningar auglýsingaskiltis á landinu við hringtorgið hjá Hvalfjarðargöngunum. Markmið ÍA var að fá fyrirtæki til að auglýsa á skiltinu og að ágóðinn myndi renna til knattspyrnufélagsins. Akraneskaupstaður hafði einnig í hyggju að hafa veglega auglýsingu á skiltinu. Niðurstaða fundarins var að löggjöfin er það ströng hvað varðar leyfi til uppsetningar auglýsingaskiltis að það þarf að breyta aðalskipulagi í Hvalfjarðarsveit til að breyta landnotkun á svæðinu og fá þar sem leyfi til uppsetningar skiltis. Hinsvegar á að vera hægt að veita bráðabirgðaleyfi til sveitarfélagsins um að setja upplýsingaskilti.

Af öðrum viðburðum má nefna Sjómannadaginn en það hafa náðst samningar við nokkur fyrirtæki um styrki til þess að halda upp á þennan dag árin 2017 og 2018 auk þess sem samningur hefur verið gerður við björgunarfélagið um framkvæmd dagsins. Það er forstöðumaður menningar- og safnamála sem hafði veg og vanda af utanumhaldi þessa verkefnis. Norðurlásmótið var haldið um síðustu helgi og flutti Ólafur Adolfsson hvatningarorð í upphafi mótsins. Fyrsti fundurinn hjá mér þessa vikuna var sjöundi fundur í fjármálaráðuneytinu um lífeyrisskuldbindingu en hann var haldinn í morgun. Það er allsendis óvíst á þessari stundu hvort það verður hægt að ná samkomulagi á árinu um lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila.

Takk fyrir áheyrnina!